

Miðvikudaginn 21. apríl 1937.

Nr. 169/1936. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Ara Guðmundssyni

(Lárus Jóhannesson)

Maður dæmdur til refsingar fyrir að veitast með
ofbeldi að framfærslufulltrúa, sem var að gegna
störfum sínum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. júní 1936: Ákærður, Ari Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mán.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 eru haldin.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar, cand. juris, kr. 50. —

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðstoðarmann framfærslufulltrúa Reykjavíkur, þann er verknaður ákærða í máli þessu kom niður á, verður að telja til sýslunarmanna þeirra, sem í 101. gr. almennra hegningarlaga greinir. Ákvæði 103. gr. nefndra laga þykja ekki geta komið til greina í þessu máli, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20 daga skilorðslaust fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ari Guðmundsson, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ara Guðmundssyni, verkamanni, til heimilis Hólum í Skildinganesi fyrir brot á 12. og 20. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 1869.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. des. 1910. Hann hefir ekki sætt refsingum.

Með bréfi, dags. 11. des. s. l., kærði borgarstjórinn í Reykjavík yfir því, að ákærður hefði sýnt Ólafi Sigurðssyni, aðstoðarmannni fátækrafulltrúanna, ofbeldi, er hann gegndi störfum sínum við styrkúthlutun á skrifstofu fátækrafulltrúanna.

Ákærður er ritari í félagi styrkþega hér í bænum og kom, ásamt formanni félagsins, á skrifstofu fátækra-
stjórnarinnar hinn 7. nóv. s. l., til þess fyrir hönd félagsins að eiga tal við Ólaf um málefni eins af styrkþegum bæjarins. Þegar þeir höfðu náð tali af fátækrafulltrúanum, tjáði hann þeim, að hann talaði aðeins við annan þeirra í einu og aðeins um málefni sjálfra þeirra, en ekki annarra styrkþega bæjarins, en það hefir fátækrafulltrúinn skýrt frá, að væri samkomulag í fátækrafulltrúinni að ræða ekki málefni styrkþega við fulltrúa félagsins. Meðan þeir töluðust

Þetta við, höfðu þeir ákærður og formaður félagsins gengið úr biðstofunni og inn í afgreiðsluherbergi fátækrafulltrúans og látið hurðina aftur á eftir sér. Opnaði nú fátækrafulltrúinn hurðina aftur og bað þá að ganga út, en ákærður greip þá hurðina og lokaði henni aftur og kvaðst vilja eiga viðtal við fátækrafulltrúann. Fátækrafulltrúinn tók þá saman bækur sínar og ætlaði út um aðrar dyr á herberginu, en ákærður gekk þá í veg fyrir hann og stjakaði við honum með hendinni og snéri jafnframt lykli í skránni, án þess þó að læsa. Gekk þá fátækrafulltrúinn að hinum dyrunum aftur, en ákærður í veg fyrir hann. Þvínæst gekk fátækrafulltrúinn að símanum og ákærður á eftir, og féll síminn við það á gólfið. Loks gekk fátækrafulltrúinn að lúgu, sem var á veggnum, og ætlaði að kalla á menn, er voru að störfum í næsta herbergi, en ákærður stóð þá í veginum og lokaði henni. Kallaði fátækrafulltrúinn nú á menn sér til aðstoðar, og hringdu þeir þegar á lögregluna, og beið ákærður þar til hún kom, án þess að fleira skærast í. Meðan á þessu stóð var formaður félagsins í herberginu, án þess að taka beinn (sic) þátt í viðureigninni.

Ákærður heldur því fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn, þegar hann fór í þessa för, að þvinga fram samtal við fátækrafulltrúann, ef hann neitaði að tala við þá, enda kveður hann, að sér hafi ekki dottið það tilfelli í hug. Ræddu þeir félagar ekkert um þetta áður. Hinsvegar hefir hann viðurkennt, að þegar hann fékk neitun fátækrafulltrúans, hafi sá ásetningur myndast hjá sér að láta til skarar skriða og fyrst og fremst knýja fram viðtalið og jafnframt hafa þau áhrif að koma fram málefni því, er þeir félagar voru að reka.

Með framangreindu atferli gagnvart fátækrafulltrúanum hefir ákærður gerzt sekur við 99. gr. 1. mgr. sbr. 3. mgr. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga. Að áliti réttarins verður að telja það ákærðum til málsbóta, að framkoma fátækrafulltrúans verður að skoðast harla ólíðleg og litilsvirðandi á félagsskap þeim, er ákærður var mættur fyrir, og eru athafnir hans framkvæmdar undir stundaráhrifum þeirrar framkomu. Þykir refsing hans með tilliti til þess hæfilega ákveðin 2 mán. fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En með tilliti til ungs aldurs ákærðs og þess, að hann hefir ekki áður sætt refsingu, þykir rétt að refsingunni sé

frestað og hún falli niður eftir 5 ár, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin. Þá greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar, cand.jur., er ákveðast 50. kr.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, er stafar af önnum við embættið.

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 173/1936. Réttvísín og valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðmundi Jóhannessyni

(Theódór B. Líndal)

Brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og 99. gr. 1. mgr. sbr. 101. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. október 1936: Ákærður, Guðmundur Jóhannesson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir handtöku ákærða framkvæmdi læknir rannsókn á áfengismagni í blóði hans, og reyndist það vera 2,5‰. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum málsins verður að telja sannað, að ákærður hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar. Hefir hann þar með gerzt brotlegur við 5. gr. 4. mgr. laga nr. 70 frá 1931 um bifreiðar og 21. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Ber að dæma hann til refsingar fyrir brot þetta eftir 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna. Þá hefir ákærður með því að aka